

FUNDARGERÐ



Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar

98. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 8. mars 2012 kl. 13:00

Dagskrá:

1. Fundarsetning:
2. Deiliskipulag Þeistareykjavirkjunar:
3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 02.03.12 :
4. Þeistareykjavirkjun – stöðuleyfi fyrir vinnubúðir:
5. Breytingar á skrifstofu:
6. Aðalfundur Norðurorku 2012:
7. Rotþróarhreinsun - gjaldskrá:
8. Fundargerð stjórnar Atvinnueflingar Þingeyjarsveitar frá 06.03.12:
9. Fundargerð starfshóps um sameiningu Hafralækjarskóla og Litlulaugaskóla frá 05.03.12:
10. Bréf frá Skólaráði Hafralækjarskóla:
11. Lundsgolf – styrkbeiðni vegna fasteignagjalda:
12. Málefni Vatnajökulsþjóðgarðs:
13. Endurnýjun starfsleyfis Ýdala:
14. Samningur við Norðurþing v/Hafralækjarskóla:

Til kynningar:

- a) Fundargerð 227. fundar stjórnar Eyþings:
- b) Fundargerð 794. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga:
- c) Fundargerð Ferðamálasamtaka Þingeyjarsveitar:
- d) Fundargerðir stjórnar- og hluthafafundar Sorpsamlags Þingeyinga frá 28.02.2012:

Mætt: Ólína Arnkelsdóttir, Ásvaldur Þormóðsson, Ásta Svavarsdóttir, Friðrika Sigurgeirsdóttir Margrét Bjarnadóttir, Árni Pétur Hilmarsson og Arnór Benónýsson auk skrifstofustjóra sem ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning:

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að liður 14. yrði tekinn fyrir sem 9. liður og aðrir liðir færast því neðar á dagskrána sem því nemur.

2. Deiliskipulag Þeistareykjavirkjunar:

Skipulagsfulltrúi sat fundinn undir þessum lið, til og með 5. lið dagskrár. Sveitarstjórn bauð Bjarna Reykjalín skipulagsfulltrúa velkominn til starfa. Tekin fyrir að nýju deiliskipulagstillaga Þeistareykjavirkjunar. Tillagan var auglýst 20. desember sl. og var frestur til athugasemda til 30. janúar. Nokkrar athugasemdir bárust og hefur Skipulags- og umhverfisnefnd tekið afstöðu til athugasemdanna og gert viðeigandi breytingar á tillögunni í samræmi við umfjöllun nefndarinnar frá 02.03.12.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að deiliskipulagstillagan, með framangreindum breytingum nefndarinnar vegna framkominna athugasemda, verði tekin til afgreiðslu skv. 3. mgr. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123 frá 2010 m.s.br. (með síðari breytingum) Sveitarstjórn samþykkir tillögu að deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunar með áorðnum breytingum og felur skipulagsfulltrúa að ganga frá deiliskipulaginu og auglýsa gildistöku þess.

3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 02.03.12:

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 02.03.12. Ásvaldur og skipulagsfulltrúi gerðu grein fyrir fundargerðinni.

Vegna 1. liðar, Rauðaskriða I og III, samþykkir sveitarstjórn að auglýsa deiliskipulagstillögu Guðmundar H. Gunnarssonar að svæðinu í samræmi við afgreiðslu Skipulags- og umhverfisnefndar og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa tillöguna.

Fundargerðin staðfest að öðru leyti.

4. Þeistareykjavirkjun – stöðuleyfi fyrir vinnubúðir:

Lögð fram beiðni Þeistareykja ehf. um stöðuleyfi fyrir vinnubúðum verkeftirlits vegna Þeistareykjavirkjunar.

Vísað til Skipulags- og umhverfisnefndar til umfjöllunar.

5. Breytingar á skrifstofu:

Lagt fram til kynningar tillaga að breytingum á húsnæði skrifstofu Þingeyjarsveitar.

Skipulagsfulltrúi og skrifstofustjóri gerðu grein fyrir tillögunni.

Samþykkt að fresta afgreiðslu til næsta fundar og fá ítarlegri kostnaðaráætlun.

6. Aðalfundur Norðurorku 2012:

Lagt fram aðalfundarboð Norðurorku fyrir árið 2012 sem haldinn verður föstudaginn 9. mars nk.

Samþykkt að Margrét Bjarnadóttir fari með umboð Þingeyjarsveitar á fundinum.

7. Rotþróarhreinsun - gjaldskrá:

Lögð fram breytingartillaga á gjaldskrá fyrir hreinsun, tæmingu og eftirliti rotþróa í Þingeyjarsveit 2012.

Þannig verði gjald fyrir losun rotþróa yfir 6.000 lítra, 1.500 kr. fyrir hvern rúmmetra umfram 6.000 lítra miðað við losun annað hvert ár en 3.000 kr. miðað við árlega losun.

Samþykkt samhljóða.

8. Fundargerð stjórnar Atvinnueflingar Þingeyjarsveitar e.h.f. frá 06.03.12:

Fundargerð Atvinnueflingar Þingeyjarsveitar e.h.f. frá 06.03.12 lögð til kynningar.

9. Samningur við Norðurþing v/Hafralækjarskóla:

Lögð fram drög að þremur samningum; kaupsamningur milli Þingeyjarsveitar og Norðurþings um eignarhluta Norðurþings í Hafralækjarskóla og Ýdölum í Aðaldal, samkomulag um slit á samningi milli Þingeyjarsveitar og Norðurþings um rekstur Hafralækjarskóla í Þingeyjarsveit og Þjónustusamningur vegna nemenda úr Norðurþingi sem stunda nám í Hafralækjarskóla. Ólína gerði grein fyrir drögunum.

Sveitarstjórn felur oddvita og vara oddvita að ganga frá samningunum við Norðurþing á grundvelli fyrirbyggjandi draga.

10. Fundargerð starfshóps um sameiningu Hafralækjarskóla og Litlulaugaskóla frá 05.03.12:

Lögð fram fundargerð starfshóps um sameiningu Hafralækjarskóla og Litlulaugaskóla frá 05.03.12. ásamt tillögu til sveitarstjórnar. Ólína gerði grein fyrir fundargerð og tillögu.

Tillaga til sveitarstjórna frá starfshópi um sameiningu Hafralækjarskóla og Litlulaugaskóla:

Starfshópur var skipaður af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 3. nóvember 2011 og skyldi hlutverk hans samkvæmt erindisbréfi vera að leggja til leiðir við sameiningu Hafralækjarskóla og Litlulaugaskóla í nýja stofnun með tveimur starfsstöðvum frá 1. ágúst 2012.

Starfshópurinn hefur haldið 5 fundi og leitað upplýsinga og ráða hjá Kennarasambandi Íslands, Framsýn, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Acta lögmannsstofu. Þau álit fylgja með eftirfarandi tillögu starfshóps til sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar.

Tillaga starfshóps til sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar:

Starfshópurinn leggur til að farin verði sú leið við að sameina Hafralækjarskóla og Litlulaugaskóla í eina stofnun að um samruna tveggja stofnana sé að ræða. Sú stofnun fái nýtt nafn og nýja kennitölu.

Með samrunanum er horft til þess að hægt verði að þróa aukið samstarf nemenda, starfsfólks og foreldra á þessum tveimur starfsstöðvum. Við þá þróun verði hagsmunir nemenda hafðir að leiðarljósi. Með samrunanum verði sköpuð aukin tækifæri til að bæta stöðu nemenda námslega og félagslega.

Lagt er til að beitt verði ákvæðum laga nr. 72/2002 um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum sem almennt vernda hag starfsfólks. Starfsfólk færist þá yfir til nýrrar stofnunar án uppsagnar enda er það heimilt skv. þeim upplýsingum sem starfshópur hefur aflað sér. Sjá einnig meðfylgjandi greinargerð.

Fengin verði aðstoð við sameininguna hjá Acta lögmannsstofu, Berglindi Svavarsdóttur hdl., sem hefur verið starfshópi til aðstoðar.

Stjórnskipulag nýrrar stofnunar. Áfram verði aðstoðarskólastjórar grunnskóladeilda, deildarstjórar leikskóladeilda og deildarstjórar tónlistardeilda. Aðstoðarskólastjórar og

deildarstjórar heyra beint undir skólastjóra, en í forföllum skólastjóra leysa aðstoðarskólastjórar hann af á sinni starfsstöð. Í forföllum skólastjóra heyra þannig deildarstjórar tónlistardeilda og leikskóladeilda undir aðstoðarskólastjóra á hvorum stað. Störf stjórnenda verði endurskilgreind og starfslýsingar og ábyrgð þeirra liggi ljós fyrir 1. ágúst 2012. Skólastjóri tekur endanlega ákvörðun um starfssvið og ábyrgð þessara millistjórnenda.

Varðandi nafn á nýja stofnun leggur starfshópur til nafnið Menntastofnun Þingeyjarsveitar og sem undirnöfn núverandi nöfn skólanna. Til vara leggur hópurinn til að haldin verði samkeppni um nafn á nýja stofnun.

Greinargerð með tillögu: Starfshópurinn er einhuga um þessa tillögu í heild sinni, nema hvað varðar yfirfærslu starfsmanna í efstu stjórnunarlægum yfir til nýrrar stofnunar. Starfshópurinn vísar því til sveitarstjórnar að taka ákvörðun um hugsanlegar uppsagnir og ráðningar í efstu stjórnunarlægum þar sem einstaklingar innan starfshópsins eru vanhæfir til þeirrar ákvarðanatöku.

Starfshópur beinir því til sveitarstjórnar að hún tilgreini nánar hvaða ávinningur á að nást með samrunanum.

Umræður.

Tillaga fulltrúa N-lista:

„Við samþykkjum þær tillögur starfshóps sem einhugur var um. Er ljóst að þar sem litlar breytingar felast í tillögu hópsins og ákvörðun sveitarstjórnar koma miklar skipulagsbreytingar í hlut skólastjórans. Svo miklar að inntak starfsins tekur verulegum breytingum. Leggjum við því til að störf undirstjórnenda séu óbreytt en auglýst verði eftir nýjum skólastjóra.“

Tillagan felld með fimm atkvæðum gegn tveimur.

Tillaga fulltrúa A-lista:

„Sveitarstjórn samþykkir það sem starfshópur leggur til og að engum starfsmanni verði sagt upp við sameiningu skólanna í eina stofnun. Samþykkt að vísa ákvörðun ásamt tillögu til skólaráða Hafralækjarskóla og Litlulaugaskóla til umsagnar.“

Tillaga samþykkt með fimm atkvæðum gegn tveimur.

Fulltrúar N-listar leggja fram eftirfarandi bókun:

„Minnihlutinn hvarf ákvörðun meirihluta um hvernig staðið er að sameiningu Litlulaugaskóla og Hafralækjarskóla, enda óljóst hvaða ávinningur eigi að nást með samrunanum þegar engar breytingar eiga sér stað þ.m.t. engar breytingar á efsta stjórnunarlagi skólans.“

11. Bréf frá Skólaráði Hafralækjarskóla:

Tekið fyrir bréf frá skólaráði Hafralækjarskóla dags. 20. feb. sl.

þar sem vakin er athygli á ákvæðum í grunnskólalögum þar sem segir:

„Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær eru tekin.“ Þetta var ekki gert áður en tilkynnt var um ákvörðun sveitarstjórnar 20. október 2011. Einnig var rætt að sveitarfélagið hefur ekki sett sér skólastefnu. Ákveðið að senda sveitarstjórn ábendingu um þetta.

Sveitarstjórn þakkar ábendinguna.

12. Lundsgolf – styrkbeiðni vegna fasteignagjalda:

Tekin fyrir umsókn frá Lundsgolfi um styrk til greiðslu fasteignaskatts skv. reglum um styrki til greiðslu fasteignaskatts til félaga og félagasamtaka. Meðfylgjandi er ársreikningur félagsins fyrir árið 2011.

Samþykkt að verða við styrkbeiðninni.

13. Málefni Vatnajökulsþjóðgarðs:

Kynnt drög að bréfi til Umhverfissráðherra vegna hugmynda um breytingar á stjórnskipan friðlýstra svæða og þjóðgarða. Gerðar eru athugasemdir við efnistöð, framsetningu og röksemdarfærslur í skýrslu ráðgjafa ráðuneytisins um málið.

Sveitarstjórn samþykkir efni bréfsins með lítilsháttar breytingum og skrifstofustjóra falið að koma því rétta boðleið.

14. Endurnýjun starfsleyfis Ýdala:

Lagt fram erindi frá Sýslumanninum á Húsavík. Óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins vegna endurnýjunar rekstrarleyfis til handa Félagsheimilinu á Ýdölum.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við erindið.

Til kynningar:**a) Fundargerð 227. fundar stjórnar Eypings:**

Lögð fram.

b) Fundargerð 794. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga:

Lögð fram.

c) Fundargerð Ferðamálasamtaka Þingeyjarsveitar frá 27.02.12:

Lögð fram.

d) Fundargerðir stjórnar- og hluthafafundar Sorpsamlags Þingeyinga frá 28.02.2012:

Lagðar fram

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:16

Ólína Arnkelsdóttir

Arnór Benónýsson

Ásvaldur Þormóðsson

Ásta Svavarsdóttir

Friðrika Sigurgeirsdóttir

Árni Pétur Hilmarsson

Margrét Bjarnadóttir